

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um kostnað ríkissjóðs vegna reglugerðar nr. 190/2010.

1. *Hvað er gert ráð fyrir að margir einstaklingar geti nýtt sér ákvæði reglugerðar nr. 190/2010, um þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækninga- og tannréttingakostnaði sjúkratryggðra vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa?*

Miðað við þann fjölda einstaklinga sem á undanförunum árum hefur notið greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlækna- og tannréttingakostnaðar sem fellur undir alvarlegar afleiðingar meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa og að teknu tilliti til breytinga á íbúafjölda samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands er áætlað að um 77–80 einstaklingar geti nýtt sér ákvæði reglugerðarinnar á næstu árum.

2. *Hvað eru það margir einstaklingar umfram þann fjölda sem gat nýtt sér eldri reglugerðir um sömu mál?*

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga samkvæmt reglugerð nr. 190/2010 eru þau sömu og samkvæmt eldri reglugerðum um sama efni. Þannig njóta engir sjúkratryggðir einstaklingar réttinda til greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlækna- og tannréttingakostnaði samkvæmt nýju reglugerðinni sem ekki nutu slíkra réttinda samkvæmt eldri reglugerðum.

3. *Hvað er gert ráð fyrir að greiddar verði út háar fjárhæðir vegna reglugerðarinnar?*

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld sjúkratrygginga vegna reglugerðarinnar á árinu 2010 verði 120 millj. kr.

4. *Hversu hærri eru þær fjárhæðir þeim sem gert var ráð fyrir að greiða út samkvæmt eldri reglugerðum um sömu mál?*

Áætlað er að útgjöld sjúkratrygginga muni hækka um 60 millj. kr. á ári vegna reglugerðar nr. 190/2010 umfram kostnað af þeim reglugerðum sem hún leysir af hólmi. Af auknum kostnaði eru 28 millj. kr. vegna tannréttinga og 32 millj. kr. vegna tannlækninga á árinu 2010.

5. *Hver eru kostnaðaráhrif 6. gr. reglugerðarinnar?*

Í 6. gr. reglugerðarinnar kemur fram að Sjúkratryggingar Íslands greiða 95% nauðsynlegs kostnaðar vegna tannlækninga og tannréttinga þeirra sem undir reglugerðina heyra samkvæmt framlögðum reikningum. Greinin lýsir framkvæmd reglugerðarinnar og hefur ekki kostnað í för með sér umfram þann sem greint var frá í svari við 4. tölul. hér að framan.

6. *Hve há er fjárheimild ársins 2010 til greiðslu kostnaðar samkvæmt reglugerðinni?*

Framlög til tannlækninga í fjárlögum eru ekki sérgreind eftir þeim reglugerðum sem liggja að baki greiðsluþátttöku. Er því ekki sérgreind fjárheimild í fjárlögum vegna reglugerðar nr. 190/2010. Í fjárlögum ársins 2010 eru fjárveitingar tannlækna-kostnaðar (08206-1.35) 1.672

millj. kr. og skal sú fjárhæð standa undir öllum kostnaði vegna greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlækna- og tannréttingakostnaði sjúkratryggðra einstaklinga, þ.m.t. þess hóps sem fellur undir reglugerð nr. 190/2010. Á undanförunum árum hafa greiðslur sjúkratrygginga af þessum lið verið vel innan marka fjárveitinga og gera áætlanir Sjúkratrygginga Íslands ekki ráð fyrir að á því verði breyting á árinu 2010. Það svigrúm mun nýtast til að greiða aukinn kostnað sem reglugerð nr. 190/2010 kann að hafa í för með sér, sbr. 4. tölul. hér að framan.